



## **Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 22. maí 2023 klukkan 17:00.**

**Mættir:** Hjörtur Bergstað, Íva Rut Viðarsdóttir, Þormóður Skorri Steingrímsson, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir, Ólöf Guðmundsdóttir og Einar Gíslason.

### **1. Kosning varaformanns**

Stjórnin skiptir með sér verkum. Þormóður Skorri Steingrímsson er kosinn varaformaður samhljóða.

### **2. Félagsfundur Fáks varðandi Landsmót 2024**

Stjórn mun boða til félagsfundar næstkomandi fimmtudag klukkan 20:00 í Guðmundarstofu.

Stjórn Fáks óskar eftir heimild félagsmanna til að ganga til samninga við LH og Sprett um að halda Landsmót í Víðidal 2024.

### **3. Gæðingamót Fáks og Sprettis / Reykjavíkumeistaramót**

Undirbúningur fyrir mótahaldið framundan er á áætlun. Útlit er fyrir dræma þátttöku á gæðingamótinu en skráning rennur út á miðnætti í kvöld.

Undirbúningur fyrir Reykjavíkumeistaramót gengur vel. Hilda Karen Garðarsdóttir verður mótsstjóri og mun starfa með mótanefnd að undirbúningi mótsins.

### **4. Landsmót 2024**

Hjörtur, Íva Rut og Einar sóttu fund í síðustu viku hjá LH ásamt forsvarsmönnum Sprettis. Viðræður hafa átt sér stað munnlega milli allra þessara aðila og eru komin drög að samkomulagi um stærstu málin. Næstu dagar og vikur verður samningurinn kláraður, með fyrirvara um samþykki félagsfundar næstkomandi fimmtudag, og kynntur stjórn Fáks. Rætt um mögulegar útfærslur og fyrirkomulag.

### **5. Rekstur á hringvelli**

Stjórn samþykkir að breyta reglum um rekstur á hringvellingum. Framkvæmdastjóra er falið að uppfæra skilti og auglýsa á heimasíðu félagsins.

### **6. Önnur mál**

Ýmis praktísk mál sem tengjast Fáki eru kynnt nýjum stjórnarmönnum.

**Fundi slitið 18:00**

**Fundargerð ritaði Einar Gíslason**